

HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2020



Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2020 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 19. febrúar 2021.

Helstu atriði

Hagnaður af reglulegri starfsemi ársins 2020 var 657 m.kr. á móti hagnaði árið 2019 upp á 1.051 m.kr. Vegna niðurfellingar langtímaskuldar í kjölfar dóms Hæstaréttar var heildarhagnaður eftir skatta 1.592 m.kr. árið 2019.

EBITDA var 2.544 m.kr. (35,3%) árið 2020 á móti 2.701 m.kr. (37,7%) árið 2019.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2020 er 47,3% en var 46,7% í ársbyrjun.

Veltufjárlutfall var 1,47 þann 31. desember 2020 samanborið við 2,12 í árslok 2019.

Hluthafar félagsins eru þrír og skiptist hlutfjáreign þeirra þannig 31.12.2020::

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

Almenn umfjöllun

Hagnaður af reglulegri starfsemi ársins 2020 var 657 m.kr. á móti hagnaði árið 2019 upp á 1.051 m.kr. Vegna niðurfellingar langtímaskuldar í kjölfar dóms Hæstaréttar var heildarhagnaður 2019 eftir skatta hinsvegar 1.592 m.kr.

Tekjur hækkuðu um 0,5% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á árinu 2020 alls 7.203 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.708 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.328 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 642 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 525 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2019 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 7.170 kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.671 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.180 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 686 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 633 m.kr. Vegna samdráttar í raforkunotkun, sérstaklega hjá gagnaverum, stóðu tekjur af raforkudreifingu og flutningi nánast í stað og tekjur af ferskvatnssölu lækkuðu vegna lækkunar gjaldskrár. Um 4,3% magnaukning varð í sölu á heitu vatni sem leiddi til 6,8% hækkunar tekna en tengigjöld lækkuðu um 58 m.kr. eftir metár 2019.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 207 m.kr. eða 4,4% á milli ára. Kostnaðarverð sölu nam 4.876 m.kr. árið 2020 (67,7% m.v. tekjur) á móti 4.669 m.kr. árið 2019 (65,1% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 1.046 m.kr. (14,5% tekna), kaup á heitu vatni 827 m.kr. (11,5%), orkukaup hitaveitu í Eyjum 236 m.kr. (6,4%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 168 m.kr. (2,3%) og kaup á ferskvatni 77 m.kr. (1,1%). Alls nema þessir liðir þá 2.353 m.kr. eða 32,7% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára um 34 m.kr. (810 m.kr. 2020 en 776 m.kr. árið 2019). Laun og launatengd gjöld hækka um 26 m.kr. og sameiginlegar afskriftir um 8 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 859 m.kr. á árinu 2020 en voru neikvæð upp á 674 m.kr. á árinu 2019 eða alls hækkun á milli ára um 185 m.kr. Verðbætur langtímalána lækka um 101 m.kr., voru 340 m.kr. 2019 m.kr. á móti 441 m.kr. árið 2018. Vaxtagjöld lækkuðu um 55 m.kr., voru 487 m.kr. 2019 en 542 m.kr. 2018. Á móti kemur lækkun vaxtatekna um 122 m.kr., voru 274 m.kr. 2018 en 152 m.kr. 2019.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 94 m.kr. árið 2020 á móti 292 m.kr. árið 2019 en af þeirri upphæð voru um 144 m.kr. vegna niðurfellingar langtímaskuldar. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti og var virk skattprósenta því 14,3% árið 2020 en var 15,5% 2019.

EBITDA ársins 2020 er 2.544 m.kr. (35,3%) á móti EBITDA 2.701 m.kr. (37,7%) fyrir árið 2019.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf þann 31. desember 2020 bókfærðar á 27.480 m.kr. og hækkuðu um 785 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2020 námu alls um 1.309 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.040 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 176 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 93 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 2.188 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.772 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 332 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 84 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 501 m.kr. á árinu 2019 en 281 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 14.466 m.kr. þann 31. desember 2020 (eiginfjárlutfall 47,3%) en eigið fé í ársbyrjun var 14.403 m.kr. (eiginfjárlutfall 46,7%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2020 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Í áætlunum fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf verði um 1.600 m.kr. Af fjárfestingunum eru 1.140 m.kr. í raforkukerfunum, 210 m.kr. í hitaveitukerfunum, 100 m.kr. í ferskvatnskerfunum og 150 m.kr. í öðrum fjárfestingum. Áætlað er að kaupa eigin hlutabréf fyrir 500 m.kr., afskriftir eru áætlaðar um 1.023 m.kr. og afborganir langtímaskulda 701 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar 7.748 m.kr., hagnaður 860 m.kr. og EBITDA 2.830 m.kr.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2020		2019		Breyting milli ára
		%		%	
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	7.203.051	100,0%	7.169.620	100,0%	0,5%
Kostnaðarverð sölu	(4.876.142)	(67,7%)	(4.668.839)	(65,1%)	4,4%
Vergur hagnaður	2.326.909	32,3%	2.500.781	34,9%	(7,0%)
Annar rekstrarkostnaður	(810.118)	(11,2%)	(775.956)	(10,8%)	4,4%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.516.791	21,1%	1.724.825	24,1%	(12,1%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(859.462)	(11,9%)	(673.756)	(9,4%)	27,6%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	657.329	9,1%	1.051.069	14,7%	(37,5%)
Niðurfelling langtímaskuldar	0	0,0%	833.284	11,6%	(833,284)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	657.329	9,1%	1.884.353	26,3%	(65,1%)
Tekjuskattur	(93.771)	(1,3%)	(292.031)	(4,1%)	(67,9%)
Hagnaður ársins	563.558	7,8%	1.592.322	22,2%	(64,6%)
	31.12.2020		31.12.2019		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	28.265.104	92,4%	27.479.576	89,1%	2,9%
Veltufjármunir	2.326.806	7,6%	3.375.102	10,9%	(31,1%)
Eignir samtals	30.591.910	100,0%	30.854.678	100,0%	(0,9%)
Eigið fé	14.466.177	47,3%	14.402.618	46,7%	0,4%
Langtímaskuldir	14.544.091	47,5%	14.860.457	48,2%	(2,1%)
Skammtímaskuldir	1.581.643	5,2%	1.591.602	5,2%	(0,6%)
Skuldir og eigið fé samtals	30.591.911	100,0%	30.854.677	100,0%	(0,9%)
Kennitölur					
EBITDA	2.544.056	35,3%	2.700.607	37,7%	(5,8%)
Veltufjárhlutfall	1,47		2,12		(30,6%)
Eiginfjárhlutfall	47,3%		46,7%		1,3%

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.